

Kirkjuþing 2021-2022.

41. mál - þskj. 73

Nefndarálit

við tillögu að starfsreglum um áframhaldandi gildi starfsreglna þjóðkirkjunnar.

Frá löggjafarnefnd.

Frsm. Bryndís Malla Elíðóttir.

Löggjafarnefnd hefur fjallað um málið og leggur til að tillagan á þskj. nr. 41 verði samþykkt óbreytt.

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni er kirkjuráði falin ábyrgð og hlutverk í ýmsum þeirra starfsreglna sem tillagan nær til.

Löggjafarnefnd leggur áherslu á að með samþykkt þingsályktunar um stjórnskipan þjóðkirkjunnar á auka kirkjuþingi 2021 þar sem rekstrarstofa og biskupsstofa fara hver með sín verkefni í nánú samstarfi, og með samþykkt nýrra starfsreglna um kirkjuþing, um þingsköp kirkjuþings, og um fjármál þjóðkirkjunnar á sama þingi er ljóst að bóúð er að skipa öllum helstu viðfangsefnum þeim sem kirkjuráð hefur haft með höndum. Framantaldar þingsályktanir og starfsreglur ganga almennt framur eldri heimildum sem fela kirkjuráði hlutverk.

Löggjafarnefnd telur brýnt að allri endurskoðun þeirra starfsreglna sem tillagan í 41. máli tekur til og þar sem kirkjuráð er tilgreint, verði lokið á fyrirhuguðum fundi kirkjuþings 2021 – 2022 í mars mánuði 2022.

Axel Árnason Njarðvík sat hjá við afgreiðslu málsins.

Reykjavík, 22. nóvember 2021.

Löggjafarnefnd.

Steindór R. Haraldsson, formaður.

Anna Guðrún Sigurvinsdóttir.

Arna Grétarsdóttir.

Bryndís Malla Elíðóttir.

Hildur Inga Rúnarsdóttir.

Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson.

Skúli S. Ólafsson.

Stefán Magnússon.